

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, MAÍ, 1905.

NR. 5.

E f a m á l.

Ef hann veit hvað loft dautt er latri
lífsprá mótt tákreinum blænum,
því opnar hann ekki í snatri
einhverja smugu á bænum?

Og fyrst þar að mollunni mein er,
þó mókgefið fólk hana kjósi,
Og böl er hve birtingin sein er,
því bregður hann þá ekki' upp ljósi?

Og eigi hann flugsterkar fjaðrir
og framtak til gagnlegrar iðju,
því stendur hann allt eins og aðrir
í aðgerðaleysinu miðju?—

Svo öflgur er áлага dróminn
í aldanna harðsnúna þætting,
að vér þurfum ögn meira' en óminn
af innihaldsleysisins þvætting.

Um framþróun, menntun og menning
hann masar við skrifstofuborðið;—
vér héldum hann hýsti þá þrenning
í höfði, sem dýrt var svo orðið.

KRISTINN STEFÁNSSON.



UM
HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI
UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREIÐSLU
eftir
STEFÁN SIGFÚSSON.

GALDRAMÁLA TÍMABILIÐ

Petta tímabil er eitt með því svartasta í sögu Norðurálfunnar, og aldrei hefir maðurinn fyr né síðar verið jafn örsneiddur vitsmunalegri heilbrigði né ofurseldur hjátrú og hleypidóum sem þá. Djöflar og illvætti gengu ljósum logum. Frá öllum pré dikunarstólum kyrkjunnar svo öldum skiftir verður aðalkenningin þessi. Uggur og ótti syrir galdranornum og fordæðum er almennur. Klaganir ganga á víxl, svo að þegar einn var sekt- aður um galdur, kærði hann þann, sem ákærði hann, og drögust þannig oft fjölmargir inn í málín, er oftast lyktuðu með brennum eða hengingum.

Hið fyrsta galdramál kemur upp árið 1264 á Suður Frakklandi. Um það skeið og all-lengi síðar var lítið um brennur. En svo fóru menn að sækja sig, eftir því sem lengur leið á og byrjunin var hafin.

Ofsóknirnar byrja bæði gegn sértrúarflokkum, er allir voru nefndir einu nafni villutrúarmenn, og svo gegn hinum ímynduðu galdramönnum, er fóru nú að finnast svo að segja á hverju strái. Fargan þetta var ekki að eins meðal alþýðu manna heldur einnig í hinum æðri stéttum og það allt fram á hinn síðasta tug 17. aldar. Allur sað gauragangur kostaði Norðurálfuna meira blóð, og það saklaust blóð, en öll samtímis stríð og styrjaldir.

Menn trúðu því almennt, að það væri Kólski sjálfur, sem upptökin hefði að öllu fráfalli manna— að þeir gjörðust galdramenn og nornir. Því var almennt trúað, að allir þessir mynduðu skipulegt samfélag, og að hver, sem vildi, gæti í félag þetta gengið, með því að hafna með eiði öllu samfélagi við guð þríeinan og alla góða anda, sverja sig frá trú og skírn, og í einu aðhyllast allt það, sem illt var og öfugt. Þó var þetta ekki ein-

hlítt, menn urðu að lofa því, að verða guði óvinveittir og öllu því, er hans var. Ekki máttu menn heldur vera aðgjörðalausir, heldur með öllu móti vinna tjón guði og öllu góðu. Miklu fleiri og margvislegri skuldbindinga var krafist, áður en upptaka fengist í nornafélagið, en að því loknu voru menn ekki á flæðiskeri staddir. Í ríki kölska var allskonar fulltingi að fá. Allir hans liðar urðu útbúnir allskonar kyngi til að vinna öðrum mönnum tjón, undantekningarlítið. Þó máttu þeir sín ekki við ráðvöndum mönnum, prestum eða helztu yfirvöldum.

Alveg óskiljanlegt var það, hvað mönnum hugkvæmdist að eigna nornunum og trúá að þær gjörði við fólk. Þær áttu að geta seitt eða töfrað alls kyns ómeltanlega hluti ofan í eða inn í fólk, svo sem hár, glerbrot, nálar, nagla, hníf, tréspítur, fiska-bein, orma, skorpíónir o. fl. Einnig gátu þær skaðað eða komið töfrum fram með því, að horfa á eða anda á menn. Þær gátu seitt burtu fæðu manna og matarföng, kornvöru o. s. frv. Með því að leggja jurtir undir sængurfötin, svo og með því að hnýta hnúta á bönd og reimar, gátu galdranornirnar gjört hjónabönd ófrjósöm, breytt kyni fóstursins í móðurlífi og annað þessu líkt. Það var svo sem vitaskuld, að þær gátu komið til leiðar illviðri, gjörningaveðri og ýmsum náttúru afbrigðum, er tjón leiddi af. Sjálfum sér áttu þær að geta veitt fegurð og auðæfi.

Mjög var sú spurning tíð um miðaldirlnar, hvort galdranornirnar mætti nokkru góðu til leiðar koma, t. d. lækna hættulega sjúkdóma o. s. frv., og ætluðu flestir, að þær í rauninni gæti það, en Kölkski gæfi þeim örsjaldan leyfi til þess.

Allar nornir og galdramenn áttu að geta riðið loftið með ærnum hraða með aðstoð Kölkska eða sérstaks púka, sem þeir höfðu í þjónustu sinni. Þannig átti prestur einn í Halberstadt á Þýzkalandi árið 1221 að hafa sungið 3 messur, sína á hverjum stað og langt á milli.

Með því að rjóða sig smyrslum tilbúnum af nýfæddu barni og nokkrum eitjurjurtum urðu nornirnar megnugar þess, að ríða gandreiðar gegn um loftið á allskonar verkfærum, hóum, eld-skörungum o. s. frv. Einkum voru slík ferðafæri notuð á hinni árlegu hátíð „Nornahelginni“, er venjulega var haldin á háu fjalli einhverju eða í stórkógar rjóðri.

Kunnugastir eru staðirnir „Bloksbjörg“ á Harzen, á Þýzkalandi, „Blákolla“ á Eylandi við Svíþjóð og svo Hekla á Íslandi. Var þessi hátið ýmist haldin „Valþyrgisnóttina“ fyrsta maí eða á Jónsmessunótt. Allar nornir áttu að vera viðstaddir þessa nótta, annars var illa að vænta frá Kólska. Ferðalagið var og með ýmsu fleira móti. Sumar riðu púkum til þingmóts, er voru þá í hafursgervi. Þá máttu þær ekki líta aftur, því það varð til þess, að þær félle af baki, og gekk þá ferðalagið seinna. Sömu leiðis er með hátiðina, er haldin var með miklum glaumi og gleði, dýrindis krásum og vínum o. s. frv. Að hófinu var hver sú norn, er flest skálkapörin hafði framið, í mestum hávegum höfð en hinár, er litlu hafa áorkað, fá drjúgum ofanígjafir, og liðleskjur allar hýddar að boði Kólska af djöflaböðlinum.

Þegar nýir meðlimir hafa þannig séð allt, sem fram fer, og kynnt sér hvers þeir mega vænta, eru þeir teknir inn í samfélag nornanna, um leið og þeir skrá nafn sitt með blóði sínu í afarstóra bók. Stundum er þó samningurinn beinlínis gjörður við Kólska sjálfan, þar sem viðkomandi áskilur sér jarðneskan auð og fagnað, en heitir aftur á móti, að heyra honum til eftir visttímabil; og eru til afrit nokkurra slíkra samninga.

Eftir að nöfnin eru skráð, fram fer skírn hinna nýju meðlima, og fá þeir þá nýtt nafn. Að lokum setur Kólski innsigli sitt á þann, sem skírður er, helzt á einhvern hulinn stað. „En þar sem Satan hefir drejið fingri sínum á, þar kennir eigi sársauka framar.“ Á því áttu allar nornir að þekkjast, að á sér báru þær einhvers staðar tilfinningarlausán díl, ef að var hugað.

Til þess að verjast öllum þessum ófögnuði og árásum hins illa og útsendara hans, þurfti almenningur manna að fá einhverjar verjur í hendur eða lærðom, er unnið fengi því bug. Kyrkjan fer því að taka upp ýmiskonar varnargaldur, er flestir þénarar hennar urðu næsta leiknir í. En það reyndist brátt ónóg, því ekki gat presturinn ætið verið á öllum stöðum. Enda þurfti lýðurinn sjálfur eitthvað að vita lengra nefi sínu. Pannig varð þá til „lyðtöfrafræðin“, er fékk mikið gengi um þessar mundir. Með notkun hennar kunni hver og einn að verja sig fyrir flestum ásóknum og gjörningum.

Lýðtöfrafræðin hafði þrennskonar tilgang, að uppgötva for-

dæður og koma þeim undir hendur yfirvaldanna og réttvísinnar; að koma í veg fyrir tjón það, er seiðskrattar máttu til leiðar koma; og að ráða bót á slíkum ófognuði, ef þeir hefði komið vilja sínum fram. Meðolin voru margvísleg, og skal að eins bent á fáein sýnishorn.

Hvernig skal þekkja galdranorn? Fleygi maður hníf, sem krossmark hefir verið gjört yfir, yfir hana, þá hlýtur hún að koma upp um sig. Sá, sem ber á sér nagla úr herfi, er hann hefir fundið, eða korn heilt, er bakað hefir verið í brauði, sér nornirnar, er þær ganga í kyrkju, og eru þær þá með mjólkurskjólur á höfðinu. Taki maður á fyrsta dag páskas egg með sér í kyrkju, þá fær maður þekkt allar þær konur þar, er gefið hafa sig Kölkska, en þær vita það, og reyna því ætíð að brjóta eggini í vasa mannsins; og takist það, þá er úti um þann, er það bar. Beri maður svínafeiti á skó barnanna áður en þau fara til messu þá geta nornirnar eigi komist út úr kyrkjunni, meðan börnin eru inni.

Fjöldi var og af fyrirbyggingarmeðolum gegn tjóni því, er nornirnar máttu til leiðar koma. Margt af því virðist vera stæl- ìngar þess, sem talað er um í ritningunni, að notað hafi verið við viss tækifæri. Má þar telja, að mála kross yfir húsdýrum með koli eða krít, að kosta kapps um að láta engar matarleifar liggja í húsinu o. s. frv.

Fjöldi var fleiri hindurvitna í þessa átt. Meðal annars var það, að stinga viðarkvistum í öll horn á húsunum og á húsið utanvert; fékk þá enginn galdramaður þar inn komist. Jónsmessudagurinn var og hentugur til jurtasöfnunar, urðu það helzt að vera 9 jurtir, er safnað var, og voru þær svo brenndar, er á lá, til verndar fyrir galdri og seiði. Þá voru særingarformúlur eigi ótíðar, og vissar sermoníur til þess að neyða galdramenn, er tjón hafði af hlotist, til að bæta það, er þeir höfðu gjört.

Töfrar þeir, sem kyrkjan hafði um hönd, gáfu töfrum lýðs- ïns sízt eftir. Prestar og munkar rökuðu að sér fé með því, að „þylja yfir“ öllu mögulegu og ómögulegu, búa til verndargripi, blæti og verndarseðla (conceptivus). Þá voru og lækningar kyrkjunnar þessu samkvæmar. Þvottur með vígðu vatni var höf- uðlyf í öllum kvillum og sóttkveikjum, og var þá jafnframt því

stundum tónaður 144. sálmur Davíðs. En dygði eigi vígða vatnið, var þá gripið til hins vígða brauðs (hostian), og brást þá sjaldan bati. Algengar voru særingar sveitaklerka gegn skaðlegum dýrum, sem úlfum, refum, rottum, músum o. s. frv.

Hið erviðasta viðfangs af öllu, er fyrir gat komið, var það, er djöfsemi fór í einhvern manninn, sem þráfaldlega kom fyrir. Að vísu mátti reka hann út, en það var hvorki áhlaupaverk né með öllu hættulaust. Í gamalli kyrkjufornmálabók er framtekið skýrt og skorinort, „að hver sá, sem djöful vilji útreka, verði að hafa hreint hjarta og fara mjög varlega í sakirnar.“ En það próf gátu ekki allir klerkar staðist, og voru það því að eins sárafáir, er dirfðust að ganga svo í berhögg við þann gamla.

En auk þessara meinlausu hjátrúar varna kyrkjunnar reis upp önnur, er kostað hefir milljónir manna lífið, en það var RANNSÓKNARRÉTTURINN, er í fyrstu var skipaður til þess, að dæma vantrú og villukenningar, en varð brátt aðaldómstóll allra galdramála. Það var um miðja 13. öld, að nýafstöðnum ofsóknnum kaþólskunnar á sértrúarflokkana, er þar voru í landi (Valdensa og Albígensa). Galdrabrennur með málarekstri og pyndingum stóðu þar með miklum blóma allt til loka 14. aldar, að þingið franska tók í taumana (1390) og kvað svo á, að kærur fyrir galdra og gjörninga skyldi koma fyrir landsréttinn í stað kyrkjuréttar. Fór þá brátt að dofna yfir brennunum, unz að lokum alveg tók fyrir þær. Færðist þá ófognuður þessi yfir til nágrennabjóðanna, eftir að Jesúitar komu til sögunnar, með hálfu meiri ákefð en áður.

Í Þýskalandi höfðu fá galdramál komið fyrir, meðan ósköpin gengu á í Frakklandi, en eftir árið 1484 byrja ofsóknirnar þar fyrir alvöru. Þá gefur Innocentius VIII. út hina alkunnu skipan, að útrýma og ofsækja alla gjörningamenn þar í landi. Umboð til þessa fékk hann tveimur munkum, er ráku erindi sín rösklega. Varð annar þeirra, Jakob Sprenger, nafnfrægur fyrir rit, er hann gaf út, „Galdrahamarinn“, þar sem farið var út í nákvæma lýsingu á öllum kuklaraskap og fólkis veittur mikill styrkur í galdraátrunaðinum.

Í fyrstu tóku Þjóðverjar þessu páfaboði mjög fálega, því bæði var galdratrú heldur í afturför þá, og svo voru almúga-

menn farnir að þreytast á fégirnd og yfirlægning klerka. Því hver sá, er sannaðist að sök, var líflátinn, og góz hans gjört upptækt. En brátt fóru ofsknirnar að ganga greiðara og bálkestirnir að loga með fullu fjöri. Trúin vaknaði á ný á töfrum og fordæðuskap. Ótti og skelfing gagntók þjóðina, svo að segja mætti, að naumast væri nokkurt þorp eða sveit eftirsílin, er ekki fram-seldi fleiri eða færri til lífláts og pyndinga. Dauðadómarnir voru daglega uppkveðnir, og bálin loguðu glatt um sveitirnar og borgirnar. Ómögulegt er nú að ákveða með vissu tölum þeirra, er þannig létu lífið, en í einum bæ voru 1000 manns myrtir á einu ári, og þau héröd voru til í Þýzkalandi, þar sem að eins 2 konur voru eftir á lífi, þegar ofsknirnar hættu, og má kalla það rösklega að verið.

Eftir að þannig var komið, var sem allt vit og mannúð öll væri gjörsamlega eyðilögð. Trúin á galdra varð öllu öðru yfir-sterkari hjá æðri sem lægri stéttum manna. Sem dæmi mætti nefna, að í bænum Lindheim á Þýzkalandi voru 6 konur lagðar á pínubekk, til þess að játa upp á sig, að þær hefði grafið upp úr kyrkjugarðinum lík af nýdánu barni, til þess að nota það í galdrasmyrsl. Við pyndingarnar játuðu þær þessu, en maður einnar þessarar konu fékk því til leiðar komið, að opnuð væri grófin í nærveru allra dómendanna. Er það var gjört, fundu menn barnið óhrært í kistunni. En rannsóknarrétturinn stóð þá fast á því, að líkið þarna fyrir augum þeirra væri djöfulleg sjón-hverfing og konurnar því afdráttarlaust sekar, og voru þær því bornar á bálið.

Er síðabótahreyfingin mikla ruddi sér til rúms, fengu menn um stundarsakir annað umhugsunarefni, svo að úr galdraofsóknunum dró þá um hrif. En þó var það ekki svo að skilja, að síðabótarmennirnir væri ekki full sterkrúðar á djöfulinn, eins og vitna sögur Lúthers sjálfss um viðureign hans við Kólska, bæði í Wartborgar kastala, þar sem doktorinn varðist með blek-byttunni, og eins heima hjá honum sjálfum. Freytag, sá er skrifar æfisögu Lúthers, hefir það eftir honum, að hann hefði oft haft orð á því, að djöfsi ásækti sig um nætur með ýmsum hrekkjabrögðum, og það kæmi enda fyrir að hann legðist ofan á sig í rekkjunni, svo hann mætti hvorki hræra legg né lið.

En skjótt, þegar spektir komust á eftir trúarskiftin, brutust galdramálin fram á ný, og breiddust þá ört út. En raddir fóru að heyrast úr ýmsum stöðum, er mótmæltu. Á 16. öldinni voru nokkrir rithöfundar, er reyndu að rýra rök þau, er galdratrúin byggðist á. En þó þeim væri svarað og mótmælt, því enn voru margir, er með lærðomi miklum vörðu hina gömlu galdratrú, og jafnvel þó galdramálin héldi enn áfram fullum fetum, þá var nú mesta ógan um garð gengin, og sú alda risin, er reið að lokum öllum ofsa og æðisgangi að fullu.

Á 17. öldinni fjölgar þeim, sem á móti mæla, og allt til aldarloka er baráttan háð um einstök atriði, því við sjálfum grundvellinum, áratrúnni, höfðu fáir þorað að hreyfa. Hollendingurinn Balthasar Bekker var sá, er fyrstur réðist á allan lærðominn og það svo röggssamlega, að galdratrúin beið þess Aldrei bætur. Rétt undir lok 17. aldarinnar kom út hið mikla verk hans, „Inn töfраði heimur“, og ræðst hann þar á djöflatrúna sjálfa með öllum vopnum guðfræðinnar og skynseminnar. Við þessa bók var sem augu manna opnuðust um alla Norðurálfuna og menn vöknudu upp frá illum draumi, menn fóru að endurvítkast og sjá sig um hönd. Smásaman tóku nú galdramál að leggjast niður og hætta í hinum ýmsu löndum. Í Danmörku 1700, í Þýzkalandi um 1710, í Austurríki 1740, en á þeim svæðum álfunnar, þar sem upplýsing var minnst, vörudu þau þó við tram undir 1800.

Með galdramálunum dó út trúin á galdur og fjölkyngi meðal hinna menntaðri manna, og því meir sem náttúruvísindaleg þekking óx. Á 19. öldinni hafa og mörg önnur hindurvitni horfið úr hugum manna, er áður meir lágu sem mara yfir þjóðum og löndum. Að geta þeirra hefði tekið of langt mál, því ef nákvæmlega hefði átt að fara út í hjátrúarsögu Norðurálfunnar, hefði það orðið nóg bókar efni.

Pess eina ber að vonast, að eins og 2 næstliðnar aldir hafa hreinsað og hafið hugsunarháttinn og aukið sanna siðmenningu og þekkingu, þannig muni og hinar komandi aldir rýma því á brott, er enn þá kann að felast í trú og kenningum manna af hleypidómum og hjátrú.

Smáplistlar frá drottningardeginum.

I.

Drottningardagurinn er runninn. Eg vaknaði upp úr draummóki næturinnar við einstakan smáhvell, er að eins var fyrirboði annara fleiri og stærri. Þannig fagna hinir konunghollu Winnipegbúar komu þess dags, er minnir öðrum framar á einn liðinn í hinni ramgjörvu stálkrumlu erfðaréttarins „af guðs náð“, er greipar vort víðlenda föðurland,—heiminn. Eg kemst út á tröppurnar. Himininn er íklæddur öskugrárr loðólpum að öllum endimörkum hins víðfeðma sjóndeildarhrings vestraenu sléttunnar. Hann boðar storm og regn. Lítið gleðiefni fyrir þessa dags hyllendur!.... Rigningin drýpur á húspök og stræti af og til,—stundum smáúði, stundum í stórum strjálum dropum í gegn um vindkvíðurnar. Við og við ganga smástrákar eða vaxnir unglingsar framhjá, þeir kasta rauðum bréfbögglum með stuttu millibili ofan í gangstéttina, og verður þar af ýmist hvellur allhár eða margir smábrestir í senn. Það köllum vér þúðurkerlingar. Sunir hlægja eða reka upp skræk,—en flestir eru þeir alvarlegir, sem finni þeir til ábyrgðarinnar, er á þeim hvíli, ef slegið sé slöku við, og hinn dýrmæti tími illa notaður.

II.

Senn er liðið að nóni. Sólin hefir enn ekki fundið nokkra glufu á gráa hamnum til að gægjast í gegnum. Brestirnir kveða við af og til. Hugvitsemi hinna drottinhollu virðist ekki hafa fundið nokkra nýja braut. Parna hyllir undir jarpan gæðing og mann í léttvagni á flugaferð. Lævísir náungar tveir strá rauðu bögg lunum úr'vösum sínum á strætið. Hestur og vagn þjóta framhjá. Ótal smábrestir! Gæðingurinn prjónar í háa loft,—augun verða tryllingsleg, nasirnar flenntar, og froðan rýkur eins og sær ok af mélunum. Maðurinn færst í hnút í setinu, tautar út í millum saðanherptra varanna, rykkir sterklega tvisvar eða þrisvar í taumana,— og svo hverfur allt í flugferð fyrir næsta götu horn. En unglingsarnir líta íbyggnislega hvor á annan, auð-

sjáanlega hæst ánægðir yfir óvenjulega góðum árangri iðju sinnar svona snemma dags.

III.

Eg sit undir vesturglugganum og horfi út í bakgerðið. Norðanvindurinn gnauðar kaldranalega um húsvegginn, lemur stórgerðum regnslitringi í rúðuna og hvín ámáttalega í þvottastaginu, sem strengt er frá eldhúshorninu utanverðu og út að bakgirðingunni. Hér er fátt til segurðarauka. Eldiviðarhrúga. Lítt er nú um segurð þvína. Eitt sinn varst þú þó laufþéttur, limfagur skógur, og enn geymir þú sólskin liðinna alda í sterkum álögum. Yfir henni gín axarblað—ímynd hins forna (og nýja) hegnda réttlætis. Við hlið hennar er forarvilpan, er sogar allt til undirdjúpanna, sem er nógu þunnt og leiðanlegt til að renna og fylgjast með straumnum.— Út við hliðargirðinguna er hænsahús. Undir staginu er staur, bundinn fastur við það að ofanverðu, og á því eru kvenntreyjur með nýtízku ermum, og pils í ótal fellingu. Vindurinn togar í stagið, fyllir treyjubolina, þenur út ermarnar og belgir sig í pilsunum. Svo hefst allt á loft,—stagið með staurnum og fötunum. Treyjurnar eru upp með sér og dreimbilegar og slá í kringum sig með ermunum, eins og tildursamar skartsmeyjar á skemmtigöngu, og pilsin lyfta sér háttignarlega, eins og væri þau að dreyma um hvirflandi hringiðu í döfljúfri danshöll á degi drottningarinnar. En allt í einu nemur staurinn við jörð, rær sér spekingslega, eins og þingmannsefni á ræðupalli frammi fyrir kjósendum, segjandi: „Hingað, og ekki lengra,— þér veitið mér veg og gengi, en eg er sá, sem ber yður öll á herðum mér, og segi til um þanþol stagsins— stjórnarinnar sjálfrar. Þér sjáið því öll, að án mínn yrði stagsins og yðar dýrð engin.“ Og treyjurnar og pilsin féllu saman í auðmykt og undirgefni að boði herra síns. Þau þekktu ekkert æðra vald.— En stagið blístraði og gnauðaði eins og fertug meykerling, er gnistir tönum yfir forsmáðum ástaratlotum. Hví gátu heimskingjarnir ekki skilið, að það stjórnæði þessu öllu saman, og að staurinn bar sig svona riddaralega að eins vegna þess, að það hélt utan um hálsinn á honum. Og vindurinn hvein í staginu og hló fyrirlitlega að sjálfsdrambi smælingjanna. Hann hló og hló, hærra

og tryllingslegar, ýldi í húskampinum, sleit reykjarflyksurnar úr strompinum í smáagnir, skellti sér svo með tvöföldum hraða ofan í bakgerðið,— og stagið og staurinn og skrautfötin hvíldu á vilpubarminum.

IV.

Degi er tekið að halla. Sólin hefir fundið ofurlitla rifu á ársalnum til þess að gægjast í gegnum til barnanna sinna. Einn geislinn fór inn í hænsahúsið og féll beint framan í hanann, sem hafði gleymt að draga blikhimnuna fyrir augun, af því að skuggsýnt var, og hann hafði verið að gefa stóru freknóttu hænunni hýrt hornauga. Hún er augasteinninn hans, núna sem stendur, og þar af leiðandi andstyggð allra hinna hænanna. Hann stökk ofan af prikinu sínu, gægðist með öðru auganu út, svo með hinu, stakk síðan nefinu út um gættina, kastaði reigingslega hnakka og vagaði út. Hænurnar koma gaggandi á eftir. Fram á strætinu ágerast hvellirnir og óhljóðin í strákunum. Haninn leggur undir flatt, hlustar með annari hlustinni, svo með hinni, teygir úr hálsinum og stekkur upp á eldiviðarkubb, viðrar þar vængina og réttir aðra löppina aftur með stélinu, og svo galar hann allt hvað af tekur í kapp við strákana, líkt og hann segði: „Hrópið þið og sprengið svo mikið sem þið viljið. Eg viðurkenni engan drottningardag annan, en útungunardag stóru freknóttu hæunnar minnar.“ Og hænurnar vöppuðu í kring, göggudu og samkjöftuðu, eins og víða heyrist í bakgerðum og nálægt eldhúsdýrum, þar sem marghýst er.

V.

Eg sit enn þá undir vesturglugganum. Sólin hefir fundið stærri glugga til að líta niður um, og skín nú um augnablik inn í herbergið í allri sinni dýrð. Eg hefi ekki tekið þátt í gleði þessa dags. Hann á sér engan stað í minni árstíðaskrá. „Eg veit ei af hverskonar völdum, svo viknandi dapur eg er.“— Og þó,— hann minnir mig á annan dag, sem vér samlandar í framandi landi, hér við Babylónar ár, eigum eða gætum átt í *einingu* —en það orð þekkjum vér að eins á prenti. „Austast fyrir öllu landi af einum veit eg stað, — fjalleyju grænni og góðri. Getið

þið, hver muni það." Fjalleyjunni erum vér allir ásáttir að helga einn dag,— að eins vantar eininguna til þess, að allir geti komið sér saman um daginn. „Apinn setti upp gleraugu og snýtti sér"— já, allir nuna þessa sögu um kettina og apann. Ekki samt svo að skilja, að eftirsóknarvert sé, að hver maður verði eins og Erlendur Hallelúja, sem allt af sagði; í hvert sinn og presturinn talaði: „Já, það er satt, sem blessaður presturinn okkar segir *nána*. „Eg veit ei af hverskonar völdum.. ." Sólin er aftur horfin á bak við loðólpuna gráu niður við sjón-deildarhringinn. Hvort mun hún byrgja auglit sitt fyrir dagsins heimskupörum, eða geymir hún geisladýrð sína öðrum verðugri stað? Lítt mun það sennilegt, en segri á hún nú samt kvöld-göngurnar norður í höfunum yfir og kring um fjalleyna grænu og góðu. Norðanstormurinn þýtur kaldranalega og seykir með sér regnslitringnum. Púðurhvellið hækka og fjölga á strætunum. Þeir berast með fórnarilminum —svælunni— upp í hásal hinna voldugu drottna, og leita þar velþóknunar og friðþægingar.

VI.

Nóttin er komin,— „in þýðlynda, þrúðhelga, þagmælska nótt." Hún breiðir líknarblæju fyrir hið dagþreytta auga, bindur skýlu fyrir forvitnisásjónu njósnarans og dregur vængjaðan draumaham yfir hina leitandi mannssál og opnar henni víðlendan heim hugsjóna, ýmist bjartan og dýrðlegan eða klökkvandi dapran og drungalegan. Dagurinn er þá liðinn. Og hver er árangurinn? Ja, spyrjið þá, sem hans hafa notið á tilætlaðan veg.— Vindurinn er þagnaður, eins og hann hefði hlaupið í felur og skammast sín fyrir samverknað við mennina. Að eins púðursprengingarnar halda óslitið áfram. Þær sýna ljóslega hið andlega þroskaskeið og fjölhæfni uppvaxandi kynslóðarinnar í þessu menningarinnar risalandi.

VIDAR.



Vorkveðja.

Ó, rís upp, þú vorblær, og kyss mína kinn,
og kveð mér hinn þýðasta vorsönginn þinn.
Og blómskrúðan fagra, sem myrk hylur mold,
æ mundu að kalla, er svífurðu' um fold.

Vor, vor, fagra vor,—
hve heitt að eg fagna, er heyri' eg þig, vor!—

Er harmar vort hjarta, og von hverfur veik,
og visnandi æskublóm hrynda nábleik,—
þá kemur þú hressandi hjartkær vorblær,
og hreimaföguru strengina gígjunnar slær.

Vor, vor, blíða vor!
Eg elска þá stundu, sem aftur sést vor.

Á næstliðnum vetrí var inni svo autt,
en úti svo napurt og sviplaust og snautt.
En nú breytist allt, því þinn andi er nær;
af ilmríkum vorgróða sýllist minn bær.

Vor, vor, blíða vor,
Þú aftur ert komið, ó, elskadá vor!—

MÁNI.

Staka.



Þegar bak við skruggusky
skin sitt dagmær hylur,
náttúrunnar örnum í
ólmur hamast bylur.

MÁNI.



Þrjú kvöld í Winnipeg.

BROT ÚR SKÁLDSÖGU EFTIR

Snae Snæland.

I.

Við Lára Eysteinsdóttir frá Bláfelli og Bæ í Heiðasveit vorum nær því jafn gömul, og ólumst upp í sömu sveit. Samt sem áður vorum við lítt kunn, þar til vorið sama og við fórum til Vesturheims. Eg var þá 20 ára, en hún 21 árs gömul. Það var systir mínn í Winnipeg, sem kom mér til að fara vestur um haf. Hún skrifaði mér oft, og bréfin hennar voru ljómandi glæsileg og eggjandi fyrir mig, sem unglung og framgjarnan pilt. Hún sagðist vera gift enskum manni, sem væri háttstandandi, já fjarskalega háttstandandi. Væri hann ekki af hertogaættum, þá væri hann óefað kaupmannssonur. Hún sagði mér barasta að koma vestur, og koma sem allra, allra fljótast. Það væri svo hryllilegt, svo dæmalaust hræðilegt, að hugsa til þess, að eg væri heima á Íslandi, einasti elskulegi bróðirinn sinn. Að eg barasta kæmi, kæmi fljótt, þá væri allar sínar óskir upptylltar í þessu lífi. Maðurinn sinn, jú elsku Jack, væri svo undur vel að sér og skemmtilegur. Eg yrði bara að koma og þreifa á því sjálfur. Eg gæti bara búið hjá þeim, og þyrfti ekkert að gera, hreint ekkert að vinna, fremur en mér sýndist. Og ekki yrði hann lengi að kenna mér málið, og svo gæti eg gengið á hvern skólann á fætur öðrum, og orðið hámenntaður, og fengið beztu stöðu innan þriggja ára. Hvert eg væri sjónlaus og heyrnarlaus, hvert eg læsi ekki íslenzku blöðin, hvert eg sæi ekki peningagjafirnar, heiðurslaunin og medalíurnar, sem íslenzku nemendurnir tæki við háskólanu í þessu landi. Hvert eg gæti nú ekki áttað mig á því, að hér væri, væri ekkert nema háskólar og lífis svo að segja tóm háskólaganga, fjör og líf, leikur og velgengni. Mér væri auðvitað ómögulegt að trúa því, frá íslenzku sjónarmiði, hve allt væri dýrðlegt í Winnipeg. Það væri engin von, ekki tiltök. En svo væri eitt, og það væri það, að elsku-hjartans-ljósið sitt, hann Jack, langaði svo undur óendanlega eftir,

að fá að sjá mig, og kenna mér eitthvað gagnlegt og nýtilegt.— Ó, eg tryði því ekki, hvað hann væri óþolinmóður eftir, að gera allt það bezta fyrir mig. Hann væri hámenntaður. Aðallega legði hann vélastýrslu sér fyrir hendur, sem stæði, rétt núna „renndi hann þvottamaskínu á stóru, afarstóru þvottahúsi.“

Eg hafði löngun til að skreppa til Ameríku, eins og annað nýmóðins fólk á Íslandi hefir haft um nokkur ár, og þetta systurbréf skemmdí ekki þá löngun. Eg hefi ætið verið auðtrúa og treyst öðrum vel, því eg hefi hatað að brúka hrekki og táldraegni. Mér finnst það svo líttill karaktér að lifa á lygi. Þetta voru því aðal tildrögin fyrir vesturför minni, hér að framan sögð.

Lára fór til Vesturheims af því, að faðir hennar var nýgifuður í þriðja sinn, og henni féll ekki allskostar vel við seinni stjúpuna.— Það gerðist ekki margt sögulegt á leiðinni vestur. Við vorum um sjötíu „í hópnum“, eins og blöðin kalla það. Að átta ungbörn dóu á leiðinni og þrjú fyrstu nöttina á innflytjendahölli í Winnipeg, og tvö gamalmenni köfnuðu úr þreytu og gaslofti,— það var svo eðlilegt og ekkert tiltökumál, því að menn deyja alstaðar á hnnettinum.

Eg spurði agentinn oft eftir systur minni heima. Hann kvaðst þekkja hana, já já, sursum-sei-sei. Henni liði ágætlega. Barasta skínandi vel. Svo á leiðinni fór hann að kannast minna og minna við hana. Vissi ekki almennilega um hana upp á síðkastið. En þegar kom til Winnipeg, vissi hann ekkert um hana, og þverneitaði að reyna hið minnsta til að hafa afspurn um, hvar hún ætti heima. En það er ein björt dýrðarsól, er margir Íslendingar eiga til þar — hinrar eru máske nokkuð bjartar—, en það er gestrisni við nýkomna innflytjendur. Fyrir það verður þeim ekki oflof borið um skör fram.

Eg stóð uppi hálfráðalístill, ókunnugur og mállaus. Svo leið dagurinn, og kveldið kom, en ekki kom systir míni og „Jack“ að taka mig heim í hertogahöllina sína. Eg spurði nokkra ókunna landa eftir systur minni, Áshildi Arnfinsdóttur, en þeir hristu allir höfuðin. Loks kom gamall maður til míni og fór að tala við mig,— spryja mig eftir ótíðinni, hafísnum og óáran á „gamlalandinu“, og hvaðan eg væri af landinu. Ó, hann kannaðist strax við fólkis mitt, því hann var í næstu sveit við það. Búinn

að vera 30 ár í Ameríku, og var nú mjólkursali í Winnipeg í þolanlegum kringumstæðum. Eg varð fegnari en frá verði sagt að finna þenna öldung. Eg spurði með ógnar flýti eftir Áshildi systur minni. Hann greip snöggvast upp í höfuðið, klóraði sér svo með hægð undir kjálkabarðinu og stundi ögn við. Eftir of-urlitla umhugsun mælti hann á þessa leið:—

„Eg var alveg búinn að gleyma því, að Mrs. Halibut er systir þín. Það gerir, að hún skifti strax um nafn, þegar hún kom hingað vestur, og kallaði sig „Miss Fleming“. Ójú, eg þekkti hana, áður en hún giftist. Þá var hún álitin fyrtaks stúlka, en svo lenti hún í þessu ólukkans giftingastandi, eða hvað maður á að kalla það. Þetta var mesta ótæismenni, sem hún glæptist á, óráðvandur til munns og handa, og giftur suður í ríkjum, það er að segja, átti konu þar syðra, sem hann hljóp frá hingað norður. Svo bjuggu þau í mesta basli hérna í eða 2 ár. Jú jú, eg vissi ógn vel um það, seldi þeim mjólk seinasta árið, sem eg á hjá þeim ennþá. Og svo strauk hann frá henni, og enginn veit um hana síðan. Þau áttu tvö börn, sem eru hérna hjá góðu fólki í bænum, ensku fólki. Það tók þau að sér, þegar hún, fór ofan til Selkirk‘. Já, það gekk nú allt mæðulega með hana, aumingjann.“

„Hvað er hún að gera í þessari Selkirk?“ spurði eg gamla manninn í ákafa.

„Ó,— ham— það er eigi von að þú skiljir mig. Við tölum svona hérna fleiri en eg, drengur minn. Já, hún er þar nú mikil veik, mikið lasin seinast, þegar eg heyrði talað um hana.— Hún er sem sé þar á vitlausra spítalanum eins og flestir, sem verða eitthvað geggaðir. Ja jæja, það er reglan hérna að koma þeim þangað. Það held eg drengur minn.“—.....

Næsta morgun skildum við Lára.

Í fyrsta skipti vorum við búin að mæta alvöru lífsins, og er það meinvætti ekkert frýnileg norn í fyrsta skifti.

Eg fór „út á braut“ að vinna, en hún í eldabuskustöðuna í bænum hjá ensku fólki.

II.

Mér féll heldur illa við vinnuna á járnbrautinni fyrst í stað. En svo er það fátt, sem maður venst ekki við. Þegar eg var búinn að vinna two til þrjá mánuði, þá var eg orðinn svo vanur við rekuna og mölina, að eg fann ekki lengur til leiðinda og óánægju. Eg gat þá gaufað og mokað allan liðlangan daginn, hálfboginn með kreptar hendurnar utan um rekuskaftið. Yfir höfuð vissi eg ekkert annað, en eg var kominn til Ameríku, var þar einmana einstæðingur innan um marga tugi af illa vöndum mönnum frá öllum löndum, sem krossbölvuðu öllu, í jörðu og á, frá því þeir tóku opin augun á morgnana og þangað til þeir sofnuðu á kvöldin. Þeir töludu aldrei um nokkurt það málefni eða hluti, sem lýsti því, að þeir hugsuðu nokkuð eða hefðu þekkingu á einu eða öðru, nema moka, moka grjótmöl og sandi. Á því var engin umbreyting né umbreytingarskuggi. Fyrsta mánuðinn var eg með íslenzkum verkstjóra, sem hafði um 30 íslendinga í mokstri. Eg þóttist meira en lítið heppinn, mállaus og veikur eftir ferðina, að vera með þeim. Margir af okkur voru veikir af hinni svo nefndu „sumarveiki“, sem svo er nefnd hér í Ameríku, og orsakast af ofraun, vondu neyzluvatni eða slæmu fæði. Verkstjórinn var allra bezti maður, og vildi fara vel með okkur. Hann kom þess vegna brautarfélaginu til að kaupa tvær rauðskjöldóttar kýr, og átti þá heldur en ekki að gæða „landanum“ á kúamjólk, sem íslendingar hafa ætið mikil uppáhald á. Þetta gekk nú allt ljómandi fyrstu vikuna, þá tók litla Skjalda upp á því, okkur öllum til mikillar sorgar, að ganga fram fyrir flutningslestina og láta hana senda sér sex til átta faðma út af brautinni, skilja þannig við okkur og þetta líf í einu hendingaskasti. Það sló sorg og kvíða yfir okkur, að missa litlu Skjöldu, því hún var miklu betri mjólkurkýr en stóra Skjalda. En við máttum sitja með skaðann. Gamall landi af Vesturlandi var í þessum hóp. Hann var latur og kenjóttur og illa dæll. Hann hafði komist af hreppsnað vestur um haf. Hann sótti um, að mjólkka kýrnar, þegar þær komu til sögunnar, og náði því embætti, en hann var aldrei skemur að mjólkka hverja kú en heilan klukkutíma, og venjulega vorum við farnir að moka áður en karlinn koni með mjólkina. Eftir fráfall litlu Skjöldu fór fyrir

alvöru að verða skarpt um nýmjólkina. Karl sagði, að hún „blessuð skepnan hetði tekið sér fráfall nöfnu sinnar svo nærrí, að hún væri að verða alveg þur.“ Aðrir sögðu, að hann drykki alla mjólkina. Nokkuð var það, að verkstjórinn seldi stóru Skjöldu fljótlega, og sagði að það væri orðið meira en dagsverk fyrir gamla Stebba að mjólkna beljuna. En daginn eftir að hann seldi Skjöldu, gekk karlsauðurinn úr vinnunni og fór inn til bæarins og byrjaði mjólkursölu, og farnaðist á ýmsa vegu þar við. Fyrir sérstök atvik varð eg viðskila við íslenzka verkstjórann, sem mér þótti sárt fyrir í bráðina. Og vann eg því á meðal allra þjóða manna um mörg ár á járnbrautum.

Það var einn góðan veðurdag í júlímánuði, að eg fékk hraðskeyti frá Winnipeg, að koma þangað tafarlaust. Eg var þá að vinna vestur í Klettafjöllum. Eg fór tafarlaust austur aftur með næstu lest. Eg bjóst strax við, hvað um væri að vera—systir míni væri dáin. Hún komst til nokkurrar heilsu aftur og komst frá Selkirk til Winnipeg. Þaðan skrifaði hún mér, og eg henni, fáein bréf. Þegar eg kom til borgarinnar, reyndist það svo, að eg hafði getið rétt til um kallið þangað. Það var allt sainan eðlilegt og gekk sinn vanaveg, milli lífs og dauða.—

Pessa viku, sem eg kom til Winnipeg, stóð hin svo nefnda fylkissýning yfir. Eg hugsaði mér að forframa mig einu sinni á ævinni almennilega, og sjá þá hvorki í tímataup né fáeina aura. Eg fór „á sýninguna“, eins og Íslendingar segja frá því. — Oft hafði mér ógnað að sjá og heyra til manna á réttum á Íslandi; ennþá meira ógnaði mér þó að sjá og heyra til manna á þessari sýningu. Eg hefi oft séð drykkjuskap og slark, áflog og ryskingar, en aldrei nokkuð í hálfkvisti við þá sýningu. Aldrei hefi eg séð jafn bandvitlaust fólk sem þar. Margir eru miklu nær því að sýna sig sem óarga dýr en síðaða menn. Vínsala er þar stranglega bönnuð, en hvergi er meira vín og öl selt en í sýningargarðinum. Þar úir og grúir af löggregluþjónum í einkennisbúningum, en það virðist, eftir því er blöðin segja frá, að þar sé stolið frá öðrum hvorum og þriðja hverjummanni. Vasapjófar eru þar á öðru hvoru strái, en blöðin segja, að þeir komi allir frá Bandarskjunum. Það eru ekki þjófar til í Canada,— það er öðru næri en svoleiðis illþýði þrífst þar, í því góða síðferðis ríki,

nema—ja, nema þessir, sem skreppa suður fyrir „línuna“, ef þeim verður í vangá á, að hafa hönd á fleiru, en þeir eiga eignarrétt á.

Það litla, sem eg heyrði talað um á þessari sýningu, sem ögn af viti talað, var um kýr og nautgripi. Það voru ósköpin öll töluð um einhverja „Greenway's kynbótanautgripi“. Eg þekkti ekkert inn á það. En eg heyrði margt hjartaskerandi aðdáunahróp um þá mælt, og sálar með klökkum róm og fjálgleika nefna þetta Greenway's nafn. Hann var nefndur frá Crystal City, en ekki frá Nazareth, og ekki konungur Gyðinga, heldur „Frelsari“ Manitoba—Manitoba-fylkis. Þær voru líka frelsaralegar, nautasýningarnar hans Greenway's, eftir því sem sagan ber vitni um. — — —

[Framhald í næsta blaði]



Til Unitarþingsins í Boston.



Þótt farin sé ferð með eimlest í hundrað mílna fjarlægð, þá eru það að eins örfáir, sem fengið geta sig til, að gjöra mikil mál útaf slíku. Og þeir eru enn færri, sem spunnið geta heila fyrirlestra eða ferðabækur út af jafn efnislitlu atviki. Það er að eins þegar þráin og löngunin er svo rík hjá manninum sjálfum, að tala um sjálfan sig, rétta þessum lúkufylli og hinum hnefafylli af sjálfslofi og blygðunarlausum drýgindum,— að sál hans „úteys sér í yndislegum lofsöng“, ef skotist er út fyrir heima-hagann, því með ferðinni er tilefnið fengið, leyfið til að tala, tappinn dreginn úr leggnum, og andanum, „þaim unholdans“, gefið fullt ráðrúm um stund. Sjaldnast er viðstaðan svo löng á hverjum stað, að hægt sé með nokkurri vissu að segja frá, hversu þar sé högum háttað. Sé það ekki hægt, verður ferðasagan lítið meira en vindstroka sem fylgir í kjölfari lestarinnar, sem farið er með. Eg ætla því ekki að þyngja Heimi með ferðasögu. —

Pótt farið sé frá Winnipeg til Boston hvíldarlítið, unz komið er á áfangastaðinn, ber fátt það til titla eða tίðenda, að í frásögur sé færandi. Strax og farið er upp í farþegjavagninn og sezt er niður, varpar maður allri sinni áhyggju upp á C. P. R. og bíður allra átekta, unz komið er að takmarkinu. Fæst af því sem fyrir augað ber framan af leiðinni, er heillandi eða seiðandi manni með nokkurn vegin sjón. Það er miklu heldur furðuvert, hversu guð getur átt mikil af óbyggðu og óbyggilegu landi í Canada, eins og þó er látið af kostum þessa lands. Svo langt sem augað eygir eru hrjóstrugar eyðimerkur og skógar, brunnir, kræklóttir og illa vaxnir. Landið allt grýtt, öræfalegt og að heita má ó-byggt, svipaðast sem það væri afréttarland andskotans, þar sem haldið væri til haga aflóga fé undirheima, eitumorðum, nöðru-kyni auk fleiri kögurbarna, er heimzt hafa héðan í heldur rýrum holdum. Grjótið er hvarvetna upp úr, og víða sér ekki í svart-an svörð.

Það er ekki fyr en dregur í námunda við höfuðstaðinn (Ottawa), að landið fer að taka breytingum og fríkka að mun.— Það er að morgni hins þriðja, þá farið er frá Winnipeg. Þar fyrst hefst mannabyggð, og þar er víða fagurt yfir að líta.

Í Ottawa höfðum við háltíma dvöl og fór eg þar í fyrsta skifti ofan, mest til þess að geta betur horft í kringum mig, og svo til þess að anda að mér lofti höfuðstaðarins, ef svo vildi verkast, að færst gæti yfir mig á þeim háhelga stað andi Canadisku þjóðarinnar, sem með þeim undrakrafti úteys sér hvern Drottningar- kongsins- og Íslendingadag, að „útaf bikar vorum flóir.“— En andinn kom ekki. Að vísu kom til míni maður í gljáandi klæðum, svo að sem næst voru þau skínandi, og bauð mér brennivín, en eg afþakkaði það í mesta flýti, og fór að flýta mér að komast til sætis aftur. Er lestin var komin af stað, iðr-aði mig stórlægра hræðslu þeirrar, er tók mig við að sjá manninn í gljáklæðunum. Eg hafði gleymt hálfu erindinu, er eg fór of-an úr lestinni, en það var að líta, þótt ekki væri nema í svip, sýnina sjálfa, *Bols og Grand Trunk*, en nú var allt um seinan,— lestin brunuð af stað, og höfuðstaðurinn óðum að felast í fjar-lægðinni.

Í Montreal var skift um vagna til Boston. Þar varð 2 tíma bið, nægilega löng fyrir hvern, sem vildi, til þess að ganga upp að „Skírgetnaðar“ kyrkjunnri (Immaculate conception), eða hvað hún heitir, sem kaþólskir menn hafa reist þar skammt frá vagnstöðinni. Þangað gekk fjöldi manns, meðan biðin varð, og sem sannur Íslendingur fylgdi eg eftir fjöldanum. Eg sé þar Pétur og Pál og Mariú og Gabriel og annað fornaldar fólk, en stutt varð um samræðurnar. Þau eru öll búin að missa málid fyrir löngu, og sjaldgæft orðið, að þau hreyfi hönd eða höfuð fyrir þráfaldán bænastað hinna trúuðustu í kyrkjunnri. Öllu hnignar, en öllu er haldið við í trúnni, jafnvel þótt það kosti sál og sannfæringu.—

Það var eitt sinn maður á ferð. Er hann fór að heiman, þurfti hann yfir fljót, sem varð á vegi hans. Og er hann kom ofan í bátinn, snéri hann hnakka og hæli að stafni, og réri aftur á bak, unz hann bar að landi. Við ferjustaðinn fékk hann sér best til næsta kauptúns, og er hann steig á bak, fór hann öfugur í söðlinum, svo að bak vissi fram, en ásýnd aftur. Þannig ferðaðist hann það sem eftir var vegarins, þótt á þurt land væri komið, af því þannig var ferðin hafin í byrjun.—

Á laugardagsmorguninn vaknaði eg upp við góð tímindi,— lestin var komin til Boston. Fyrsti maðurinn þar, sem eg bar kennsl á, eftir að eg var kominn á strætisvagninn, var Leifur Eirksson. Hann stendur enn við vegamótin á Commonwealth Ave., skyggir hönd fyrir augu og horfir móti landsuðri. Hann er nú steindrangur eins og hinir, en þó held eg hann tali skiljanlegri orðum og með meira lífi til allra vor, en Pétur austræni úr Galileu. Næstan manna hitti eg Vilhjálm Stefánsson, og svo nokkra gamla skólabræður, og svo mann af manni. Það var í Cambridge. En nú voru tvö ár liðin, frá því eg var þar síðast, og margt orðið breytt. Margt breytst á annan hátt en vér ætludum. Vér tökum hljóðir sumum þessum breytingum og semjum oss að þeim, er stundir liða fram, á aðrar sættumst vér aldrei.

En þá er að minnast Unitaraþingsins með nokkrum orðum.

Eins og venja er til er þing þetta haldið í Boston Mass. 4. víku maímaðar ár hvert. Þingið var sett 22. og því slitið 27.

Fjöldi erindsreka mætti úr öllum áttum, víðsvegar um landið. Þar voru og sendinefndir frá öðrum kyrkjudeildum, svo sem Kongregazionalistum, Universalistum, Pýzk-Liberal kyrkjunni og fleirum.

Eins og vant er, lágu fjölda mörg mál fyrir þinginu, og sleppi eg að telja þau öll hér, en get að eins þeirra helztu, en það voru útbreiðslu og menntamál félagsins. Í mörg undanfarin ár hefir félagið haldið two guðfræðisskóla, og borð mestan kostnað, er af skólahaldinu hefir hlotist. Meadville guðfræðisskólinn var settur á fót árið 1844, en Harvard löngu fyr. Meadville skólinn hefir samt verið aðal menntastofnunin fyrir þá, er lært hafa til prests, og hefir félagið nú í seinni tíð lagt mesta rækt við hann. Upphaflega var sá skóli ætlaður fyrir vesturlandið, því um það leyti er hann var stofnaður mátti heita, að komið væri vestur úr öllum mannabyggðum, er komið var til Meadville. Nú í seinni tíð, síðan allt vesturlandið byggðist, hefir þörfin allt af orðið brýnni með hverjum degi, að til væri önnur menntastofnun enn vestar, er Unitarar hefði aðgang að. Í því augnamiði var því settur nýr skóli vestur við haf, nú fyrir ári síðan, og hefir hann þegar náð góðum þroska.

Fyrir þinginu lá tilboð að flytja Meadville skólann lengra vestur á bóginn, svo hægra yrði fyrir alla að ná til hans frá vestur mið rískjunum. Tilboðið kom frá borginni Cleveland í Ohio. En að þessu sinni var það lagt yfir til frekari ihugunar. Ekki er svo að sjá, sem stórborgir Bandaríkjanna telji það neitt óhapp, að fá til sín unitariskar stofnanir, í hvaða mynd sem er, né óttist afleiðingarnar, þótt búið sé að ógna vesalings landanum með Unitara nafninu, þar til augun ætla út úr höfðinu, er hann heyrir Unitara nefnda á nafn. En svo er nú landinn ekki stórborg, þótt hann sé nú þegar kominn í borgarhlíðið.

Hið annað mál, er mikið var rætt, var útbreiðslumálið. Það er víst í fyrsta skifti í sögu nokkurrar kyrkjudeilda, að einn trúarflokkur sæki um ingöngu í aðra kyrkjudeild, og um leið felli sitt fyrra nafn, en taki sér nafn þeirrar kyrkju, er hann þá sameinast. En þannig lagað tilboð kom þó fram á þinginu frá Pýzk-Liberal kyrkjunni í Bandaríkjum. Pessi litli kyrkjur

flokkur er brot út úr lúthersku kyrkjunni þýzku, og samanstendur af mönnum, er fallnir eru frá hinum afgömlu úreltu kenningum lúthersku kyrkjunnar, og hafa þeir staðið einir síns liðs nú í mörg ár. Félagsskapur þessi telur 50 presta, og 68 söfnuði og kyrkjur. Talað var um, að kyrkjudeild þessi setti á fót kennaraembætti við Meadvilleskólann í Þýzku og germönskum fræðum, og var því vel tekið.

Því næst voru missíóns mál félagsins rædd, og kom það þá fram við umræðurnar að nú í nokkur ár hefir félagið haldið uppi trúboði víðsvegar um Ameríku, í Japan, á Indlandi, og í Mið-Evrópu. Kenningar Channings eru nú fluttar á tólf erlendum tungumálum, og fjölgar áhangendum þeirra skoðana daglega.

Ýms mál snertandi félagslíf manna í heild sinni, komu upp meðan á þinginu stóð, en þó var eitt þeirra rætt með meiri á-kafa, en almennt er álítið, að átt geti sér stað meðal Ný-Englands manna, sem sagðir eru almennt áþekkir „kærleika“ Páls Postula, „Ekki reiðigjarnir, ekki raupsamir, tilreikna ekki illt“, o. s. frv. En það var giftingamálið, sem nú er efst á dagskrá mannfélagsfræðinga Bandaríkjanna. Hvort prestar ætti ekki að afsegja að gifta persónur undir vissum kringumstæðum, t. d. þær, sem hefði skilið við ektapar sitt áður, en heiddist nú á ný upptöku í hjónasæng. Dr. Peabody, professor við Harvard, hreyfði þessu máli fyrstur, og vildi láta þingið taka ákvæði í því helzt svipað því, er engelska kyrkjan hefði gjört, að gifta enga að skemri tíma liðnum en ári frá því, skilnaður hefði verið fenginn frá fyrra hjónabandi, og jafnvel þá gæta allrar varúðar, að allt væri eins og það ætti að vera. Það var ekki búið að ræða þetta mál lengi, áður en klérkar fóru að færast í aukana, sumir meðmælandi, aðrir andmælandi tillöggunni. Og meðan á þeim ræðum stóð, var þingið bæði fjörugt og „interessant“.

Fjöldi kvenna talaði í málinu, og eftir því sem eg gat fylgst með því, er þær sögðu, voru þær helzt á því, að banna öllum karlmönnum giftingu í annað sinn, sem mislukkast hefði sem bændur í fyrra hjónabandinu. Að síðustu var málid bordlagt, án þess gengið væri til atkvæða, og er ekki annað hægt að segja en það hafi verið heppilegustu úrslitin. Í fyrsta lagi hefir engin

kyrkja í þessu landi nokkurt vald yfir giftingamálum fólks, þótt fáeinar hinum allra kaþólskustu þykist hafa það í hendi sér, og svo í öðru lagi er ekki ástæða til að ætla, að persónur æski giftingar, nema þeim sé það full alvara. Og hversu sem fara kann, þá getur kyrkjan enga ábyrgð borið. Ábyrgðin hvílir hjá persónunum sjálfum, á þeirra eigin heiðarlegleik og ærlegheitum.

Ótal samsæti voru haldin í sambandi við þingið. Híð fyrsta á þriðjudagskvöld, annað á fimmtudag um hádegi og hið síðasta á föstudagskvöld. Við öll þessi tækifæri voru ræður fluttar af helztu málskörungum hér eystra, svo sem Hon. D. J. Long fyrverandi ríkisstjóra Mass., Dr. Savage frá New York auk ótal prófessora frá Harward og úr viðri veröld. Samsætin voru einkar skemmtileg. Þó voru margir farnir að þreytast um það, er allt var um garð á laugardag. Sumar gömlu konurnar fengu sér dálítinn morgunblund við guðsjónustuna í KingsChapel á laugardagsmorguninn, og nokkrir gráhærðir öldungar hölluðust aftur á bak í sætunum, lokuðu augunum og opnuðu varirnar, réttmátulega mikið til þess að geta meðtekið andann—áður en heim væri farið. En strax og út var komið undir beran himin, vörn þeir hressir og ernir, eins og ekkert hefði verið, gömlu mennirnir, kinkuðu kolli hver framan í annan, kvöddust með mestu velvild og blíðu og sögðu: "Let us keep up the good work. I'll see you again."

Með því eg var ekki ferðbúinn heim, og hafði ekki lokið erindi mínu, urðu þessi kveðjuorð þeirra mér að nokkurs konar áhríns orðum. Þeir hafa fengið að sjá mig aftur, og sumir þeirra aftur og aftur, að vér skulum halda, þeim til mikils fagnaðar og gleði.—

29. maí 1905.

R. P.

Þeir sem skulda blaðinu fyrir síðastliðinn eða yfirstandandi árgang, eru beðnir að afhenda áskriftargjöld sín útsöllumönnum eða senda þau við fyrstu hentugleika til

B. Péturssonar, 555 Sargent Ave. W'p'g.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$1 árg. -- Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave.

Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir**, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Ritstjóri sira Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónasson, 636 Young st. Winnipeg Man.